

allt að 120 dögum, þó eigi lengur en til þess tíma, er Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu.

Því úrskurðast:

Haraldur Ólafsson sæti gæzluvarðhaldi allt að 120 dögum, þó eigi lengur en til þess dags, er Hæstiréttur kveður upp dóm sinn í máli hans.

Miðvikudaginn 1. ágúst 1973.

Nr. 110/1973: **Valdstjórnin**

gegn

Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni.

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. júlí 1973, sem barst dóminum 20. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, sbr. nú 1. tl. 67. gr. laga nr. 73/1973.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. júlí 1973.

Ár 1973, mánudaginn 16. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 af Birgi Þórmarr, kveðinn upp úrskurður þessi.

Óskar Elías Héðinn Guðmundsson var hinn 16. júní s.l. úrskurð-

aður til að sæta gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum vegna gruns um þátttöku í innbroti, sem framið var í Háaleitis Apótek aðfaranótt 13. júní s.l., en þaðan var stolið verulegu magni af lyfjum og eiturefnum.

Jóhann Bragi Friðbjarnarson, sem úrskurðaður var í gæzluvarðhald sama dag, hefur nú játað að hafa framið þennan verkn-að. Kveðst hann hafa unnið verkið án vitundar annarra. Guðbjörn Lárus Elísson hefur viðurkennt hlutdeild í innbrotinu. Segir hann, að þeir Óskar Elías og Jóhann Bragi hafi brotízt inn í Háaleitis Apótek, en aðrir þátttakendur í innbrotinu hafi beðið í bifreið þar skammt frá. Óskar Elías heldur eindregið fram sakleysi sínu í þessu máli.

Við rannsókn ofangreinds máls vaknaði sá grunur, að sömu aðiljar hefðu þann 14. júní s.l. brotízt inn í söluturn að Kópavogsbraut 115 og stolið þar tóbaki. Óskar Elías hefur nú viðurkennt að hafa framið þennan verknað. Segist hann hafa framið innbrotið án vitundar annarra. Guðbjörn Lárus hefur skýrt svo frá, að auk hans sjálfs og Óskars Elíasar hafi þeir Jóhann Bragi og Einar Sverrir Einarsson tekið þátt í innbrotinu.

Margt er enn óupplýst í rannsókn ofangreindra mála. Óljóst er, hver er hlutur hvers eins hinna grunuðu í innbrotunum. Stór hluti lyfjanna, sem stolið var, er enn ófundinn. Rannsókn beinist einnig að ráðstöfun á tóbakinu, sem stolið var úr söluturninum. Nauðsyn er að útiloka möguleika kærða, Óskars Elíasar Héðins Guðmundssonar, á að spilla sakargögnum og hafa áhrif á hugsanlega meðseka og vitni. Ber því með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða, að gæzluvarðhaldsvist hans skuli framlengd, enda eru skilyrði þess fyrir hendi samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem kærði er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum frá lokum gæzluvarðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur 16. júní 1973.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhaldsvist Óskars Elíasar Héðins Guðmundssonar farmlengist um allt að 60 dögum frá klukkan 1507 16. júlí 1973.
